

Nd. 660. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/1962, nr. 31/1969, nr. 33/1979 og nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, bætist ný mgr. svohljóðandi: Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á lausaskuldum bænda yfir í föst lán, sem átt hafa sér stað frá 1962 til þessa, hafa verið gerðar til að létta bændum greiðslubyrði skulda sem þeir hafa stofnað til vegna uppbyggingar og reksturs jarða. Lausaskuldalánin hafa verið til 10 og 12 ára. Ljóst er að sá lánstími er of skammur fyrir fjölmarga bændur til að þeir geti staðið í skilum með þessi lán og jafnframt rétt við fjárhag sinn. Ekkert svigrúm er innan veðdeildar Búnaðarbankans til að breyta lánskjörum þessara lána, hvorki vöxtum né lánstíma.

Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur fasta tekjustofna sem eru 1% gjald af landbúnaðarframleiðslu bænda auk 2% af hækkunum á búvöruverði.

Mikill samdráttur hefur orðið og mun verða í uppbyggingu hefðbundinna búgreina. Því eru líkur á að svigrúm skapist innan Stofnlánadeildarinnar til að ráðstafa hluta þessara tekjustofna til að rétta hlut þeirra bænda sem verst eru settir. Til þess er nauðsynlegt að flytja þessar lánveitingar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.